

# ÞRÓUNARSJÓÐUR INNFLYTTJENDAMÁLA

Háskóla­setur Vestfjarða f.h.  
Velferðarráðuneytisins  
Suðurgötu 12  
400 Ísafjörður  
Ísland

## Lokaskýrsla vegna styrks úr Þróunarsjóði innflytjendamála

### 1. Heiti verkefnis: Móðurmálskennsla fyrir börn innflytjenda

### 2. Umsækjandi

Nafn	Rætur, félag áhugafólks um menningar­fjölbreytni		
Kennitala	560201-2570		
Heimilisfang	Lyngholti 6, 400 Ísafirði		
Sími		Farsími	
Netfang	raetur@gmail.com		

### 3. Framkvæmdaraðili (ef annar en umsækjandi)

Nafn	Verkefnastjórar: Ingibjörg Daniélsdóttir kt. 050653-4209 Ólöf Bergmannsdóttir kt. 310557-2859		
Starf	Þjónustufulltrúi Íslenskufraeðingur og leiðbeinandi	Sími	456-4071 / 456-3287
Netfang	<a href="mailto:ingadan@gmail.com">ingadan@gmail.com</a> / <a href="mailto:olofberg@simnet.is">olofberg@simnet.is</a>	Farsími	848-2093 / 844-6207

### 4. Samstarfsaðilar og/eða aðrir þátttakendur

Nafn	Tengiliður	Netfang
Skóla- og tóms­tu­n­das­við Ísafjarðarbæjar	Margrét Halldórsdóttir sviðsstjóri	<a href="mailto:margreth@isafjordur.is">margreth@isafjordur.is</a>
Grunnskólinn á Suðureyri	Pormóður Logi Björnsson skólastj.	<a href="mailto:thormodurbj@isafjordur.is">thormodurbj@isafjordur.is</a>
Grunnskólinn á Ísafirði	Sveinfríður Olga Veturliðadóttir skólastjóri	<a href="mailto:sveinfridurve@isafjordur.is">sveinfridurve@isafjordur.is</a>
Félag Pólverja á Vestfjörðum	Barbara Gunnlaugsson formaður	<a href="mailto:barbarag@simnet.is">barbarag@simnet.is</a>

5. **Útdráttur:** Stutt lýsing á verkefni og helstu niðurstöðum, til birtingar á [www.uwestfjords.is](http://www.uwestfjords.is) (250-300 orð)

**Heiti verkefnis:** Móðurmálskennsla fyrir börn innflytjenda

**Nafn styrkþega:** Rætur, félag áhugafólks um menningarfjölbreytni

**Útdráttur:**

Markmið verkefnisins var tvíþætt, annars vegar að styrkja nemendur faglega í móðurmáli sínu en um leið að þroska með þeim félagslegan styrk og sjálfstraust sem fullgildir meðlimir íslensks samfélags sem nýtur aukinnar fjölbreytni vegna bakgrunns þeirra. Verkefnið var unnið í samstarfi og samráði við Skóla- og tólmstundasvið Ísafjarðarbæjar, grunnskólana á Suðureyri og Ísafirði og Félag Pólverja á Vestfjörðum. Háskólasetur Vestfjarða annaðist umsjón með verkefninu fyrir hönd Velferðarráðuneytisins.

Pólverjar eru lang-fjölmennastir innflytjenda í Ísafjarðarbæ og vegna lítilla fjárráða var þetta þróunarverkefni því einskorðað við pólsk börn. Unnt var að kenna börnum á öllum grunnskólastigum á Suðureyri og þar fór kennslan fram á skólatíma. Á Ísafirði var yngsta stigi og miðstigi kennt á laugardögum. Kennt var á vorönn 2016 og allir nemendur fengu tvær kennslustundir á viku.

Kennslu- og vinnubækur eru gefnar út í Póllandi, miðaðar við sérstaka námsskrá pólska menntamálaráðuneytisins fyrir pólsk börn búsett erlendis. Þar er samþætt kennsla í tungumálinu og pólskri menningu og landafræði.

Framfarir voru í grófum dráttum metnar í orðaforða, lesskilningi, málfræði, stafsetningu og menningu en á Ísafirði voru sum þessara atriða brotin niður í smærri þætti. Verulegar framfarir urðu í öllum flokkum en helst mátti greina veikleika gagnvart stafsetningu í fáeinum tilvikum.

Viðhorfskönnun var gerð meðal foreldra og voru niðurstöðurnar á einn veg, ánægja með kennsluna og framfarir barnanna sem og eindregnar óskir um áframhaldandi kennslu næsta vetur.

Rætur lögðu að sjálfsögðu upp með verkefnið í þeirri von að það yrði skref í þá átt að tryggja öllum börnum móðurmálskennslu í grunnskólum óháð bakgrunni þeirra. Nú hefur verið ákveðið að Grunnskólinn á Suðureyri veiti öllum sínum nemendum þessa þjónustu næsta haust, þ.e. að auk íslensku verði pólska og tælenska kenndar sem móðurmál við skólann. Það tekst m.a. með tilstilli fyrirtækis á staðnum sem kostar kennslu í tælensku.

6. **Abstract:** Short description of the project in English, to be published on [www.uwestfjords.is](http://www.uwestfjords.is). (250-300 words) *Optional*

**Project Title: Mother Tongue Instruction for Children of Immigrants**

**Name of Grantee: Rætur, Association for Cultural diversity**

**Abstract:**

The purpose of the project was twofold, first of all to strengthen the students' language skills in their mother tongue, but at the same time to develop their social strength and confidence as fullfledged citizens of Iceland, realizing that their background would in fact add to Iceland's cultural diversity.

The project was carried out in cooperation with The School and Recreation Department of Ísafjörður Municipality, the elementary schools in Suðureyri and Ísafjörður, and The Association of Polish People in Westfjords, under the guidance of The University Centre of the Westfjords on behalf of the Ministry of Welfare.

Polish people are by far the largest immigrant population in the municipality. Given our limited budget it was necessary to direct our resources to one nationality. During the spring term 2016 all Polish children in Suðureyri received two lessons a week in the Polish language during their regular school day. In Ísafjörður Polish children up to 7th grade had also two lessons a week, but on Saturdays.

Textbooks and workbooks were published by the Polish Ministry of Education according to its curriculum for Polish children residing abroad. Polish culture and geography are intertwined with the language teaching.

Progress was roughly estimated in five categories: vocabulary, reading comprehension, grammar, spelling and culture but in Ísafjörður some of these were broken down into more detailed elements.

Students of both schools made clear and substantial progress in all categories, the weakest category in a few instances was spelling.

A questionnaire was sent to all parents, who expressed their delight that their children received such instruction in their mother tongue, and wished for it to continue next year.

The hope of Rætur has been that this project might be a step in the direction that all children could receive mother tongue instruction, regardless of their background. The school in Suðureyri has now ensured mother tongue instruction for all its students next year, partly with financial help from a local business which sponsors the Tai instruction.

**7. Rannsóknar- eða verkefnisskýrsla:** Inngangur, aðferðir, niðurstöður, áskoranir  
(allt að 1000 orð)

Rætur, félag áhugafólks um menningarfjölbreytni, fengu árið 2014 úthlutað styrk úr Þróunarsjóði innflytjendamála til að vinna verkefnið *Móðurmálskennsla fyrir börn innflytjenda*. Styrkurinn nemur 1.100.000 kr eða um helmingi þeirrar fjárhæðar sem sótt var um. Því var ljóst að í framkvæmd yrði verkefnið talsvert smærra í sniðum en upphaflegar hugmyndir höfðu gert ráð fyrir. Það var því í fyrstu nokkur áskorun að endurmóta verkefnið til að tryggja að styrkurinn nýttist í samræmi við þau markmið sem Rætur höfðu sett en jafnframt innan raunhæfs fjárhagsramma.

Haustið 2015 voru fengnar sem verkefnastjórar þær Ólöf Bergmannsdóttir íslenskufraeðingur og leiðbeinandi á íslenskunámskeiðum fyrir útlendinga á vegum Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða og Ingibjörg Daníelsdóttir þjónustufulltrúi, fyrrum formaður Róta.

Í samráði við Margréti Halldórsdóttur sviðsstjóra Skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar var afraðið að leggja áherslu á móðurmálskennslu pólskumælandi barna á Suðureyri og Ísafirði. Þar var þörfin talin mest og jafnframt yrði það raunhæft í framkvæmd. Fundað var með skólastjórum beggja skólanna og fljótlega kom í ljós að á Suðureyri yrði hægt að kenna börnum á öllum grunnskólastigum og jafnframt að þar yrði hægt að koma kennslunni fyrir á skólatíma, tímarnir yrðu reglulega færðir til svo að nemendur misstu ekki um of úr öðrum greinum. Á Ísafirði var aftur á móti talið erfiðara að koma kennslunni fyrir á skólatímanum bæði af því að þegar var búið að ganga frá vali nemenda út veturinn og þegar kom að því að ráða manneskju til að kenna var hún bundin í fullu starfi á öðrum vinnustað. Þar var því boðið upp á pólsku á laugardögum fyrir börn á yngsta stigi og miðstigi. Talið var rétt að leggja áherslu á yngri nemendur frekar en eldri ef ekki væri hægt að sinna öllum. Í báðum skólum var um að ræða tvær kennslustundir á viku fyrir hvern hóp.

Miðað við þetta umfang var útlit fyrir að við gætum staðið undir kennslu á þessum tveimur stöðum á vorönn 2016. Auglýst var eftir kennurum og gengið frá samningum við tvo aðila í nóvember 2015. Báðir höfðu mikla menntun og reynslu á sviði kennslu þótt ekki væri um að ræða full réttindi grunnskólakennara á Íslandi. Annar er tónlistarkennari til margra ára og hinn hefur B.Ed. gráðu í grunn- og leikskólafræðum frá pólskum háskóla, starfsreynslu og viðbótarmenntun, m.a. á sviði námsskráargerðar. Launakjör miðuðust við verktakagreiðslu, efri launaflokk leiðbeinenda í stundakennslu, auk þess sem greitt var fyrir akstur frá Ísafirði til Suðureyrar og lítils háttar launauppbót vegna tíma sem fór í akstur.

Pólski skólinn í Reykjavík aðstoðaði við að útvega námsefni – kennslu- og vinnubækur – sem menntamálaráðuneytið í Póllandi hefur gefið út í samræmi við námsskrá fyrir pólskumælandi börn búsett erlendis en þar er fræðsla um pólska menningu og landafræði fléttuð inn í sjálft tungumálanámið. Um er að ræða tiltölulega nýlegt námsefni sem mæltist vel fyrir. Með tilliti til námsefnisins, viðhorfs pólska samfélagsins og stutts kennslutíma var stílað meira inn á beinharda kennslu en síður lögð áhersla á óhefðbunið nám.

Mat leiðbeinendanna á námsárangri var nokkuð mismunandi en að okkar mati fullnægjandi í báðum tilvikum, staða nemenda í lok annar borin saman við getu þeirra í janúar í minnst fimm þáttum.

## Á Suðureyri

voru 13 nemendur og fengu þeir einkunnir í bókstöfum fyrir **framfarir** í hinum ýmsu námsþáttum.

Orðaforði:	A fengu 11 – B fengu 2
Lesskilningur:	A fengu 6 – B fengu 7
Málfræði:	A fengu 5 – B fengu 8
Stafsetning:	A fengu 3 – B fengu 6 – C fengu 4
Menning:	A fengu 6 – B fengu 7

Heildareinkunn var gefin í tölustöfum, lægsta einkunn í hópnum var 8,3 en hæsta 10. **Meðaleinkunn nemenda á Suðureyri var 9,2.**

## Á Ísafirði

var eins og áður segir kennt í tveimur hópum og þar var námsmatið mjög ítarlegt.


Eldri hópur, 9 nemendur í 5. - 7. bekk

Í eldri hópnum tóku nemendur fyrst próf í janúar og síðan próf úr hverjum kafla. Einnig var fylgst með heimavinnu nemenda og hvernig þeir unnu í kennslustundum.

Listi yfir atriði sem sérstaklega voru skoðuð hjá eldri hópnum

Lesskilningur	lestur	framburður	pólska stafrófið
orðaforði	andheiti	skilningur	
vikudagar	árstíðir	mánuðir	klukka/tími
málfræði	eintala/fleirtala	kyn orða	lýsingarorð
sagnorð	nafnorð	atkvæði	stafsetning
þjóðhættir	skjaldarmerki	þjóðsöngur	landfræði
heimavinna	rím	ritun	umræða

Samanburður á nokkrum helstu atriðum við upphaf og lok kennslunnar:



Yngri hópur – 5 nemendur 1. - 4. bekk + 2 stúlkur 6 ára gamlar

Nemendur 1. - 4. bekk voru að byrja að læra grunnin í tungumálinu. Í hópnum var einn drengur með námsörðugleika, lestrarerfiðleika og erfiðleika með lesskilning auk þess sem einn drengur og ein stúlka áttu erfitt með einbeitingu.

Listi yfir atriði sem sérstaklega voru skoðuð hjá yngri hópnum

Lesskilningur	lestur	framburður	pólska stafrófið
orðaforði	vikudagar	árstíðir	mánuðir
eintala/fleirtala	andheiti	kyn orða	skilningur
atkvæði	stafsetning	rím	ritun
þjóðhættir	skjaldarmerki	þjóðsöngur	landafraði
pólsk lög og ljóð	leikur, spil	myndlist	heimavinna

Árangur yngri hóps:

	skrifa		Stafa orð		atkvæði		lesa		setningar		rím		þjóðsöngur		Árstíðir, mánuðir, vikudagar
	vel	vantar upp á	vel	vantar upp á	vel	vantar upp á	vel	vantar upp á	vel	vantar upp á	vel	vantar upp á	vel	vantar upp á	vel
Nemendur 1.-4. bekk	2	3	4	1	5	0	3	2	2	3	5	0	4	1	5
leikskólabörn			1	1	2						2		2		2

-----000-----

Eins og lýst var í útdráttinum var verkefnið unnið í þeim anda að auk hefðbundinnar móðurmálskennslu væri mikilvægt að þroska með nemendum félagslegan styrk og sjálfstraust sem fullgildir meðlimir íslensks samfélags, enda auðgi bakgrunnur þeirra fjölbreytni samfélagsins og styrki það á þann hátt.

Þekking á mikilvægi móðurmáls fyrir annan mál- og námsþroska hefur aukist á undanförunum árum og vitað er að færni í móðurmáli auðveldar börnum að læra önnur tungumál. Nokkuð hefur borið á því að foreldrar hafi talið börnunum sínum fyrir bestu að leggja áherslu á að læra vel íslensku frekar en móðurmálið. Því var mikilvægt að kynna verkefnið og þetta samhengi fyrir foreldrum og öðlast heils hugar stuðning þeirra. Í því skyni áttu verkefnastjórnarnir kynningarfund með foreldrum á Ísafirði áður en kennslan hófst og leiðbeinandinn átti gott samstarf við foreldra. Á Suðureyri annaðist skólinn slíka kynningu. Við höllumst að því að líta á mætingu og frammistöðu nemenda sem prófstein á þennan stuðning, einkanlega á Ísafirði þar sem kennslan fór fram utan skólatíma. Mætingin var góð alla önnina, fjarvistir litlar og áttu eðlilegar skýringar.

Viðhorfskönnun var send öllum foreldrum í lok annarinnar. Spurt var um

- ánægju með að barnið hafi fengið kennslu í móðurmálinu
- árangur
- ánægju með námsbækur
- hvort barnið hafi komið heim með bækur á pólsku
- hvort barninu finnst gaman að lesa bækur á pólsku eða að þær séu lesnar fyrir barnið
- og hvort barnið hafi aukinn áhuga á Póllandi og pólskri menningu

Auk þess var beðið um athugasemdir.

Svörin voru undantekningarlaust jákvæð og einu athugasemdirnar voru óskir um að kennslan yrði áfram næsta vetur og jafnvel að meira mætti kenna um pólska menningu.

Stærsti kostnaðarliðurinn var kennslan sjálf sem greidd var í verktakavinnu. Báðir leiðbeinendur röðuðust í efri launaflokk leiðbeinenda við stundakennslu og fengu greiddar kr. 4.745 á tímann. Greiða þurfti fyrir akstur frá Ísafirði til Suðureyrar tvisvar í viku en eins var greidd smávegis launauppbót vegna þess tíma sem fór í akstur. Öll vinna af hálfu Róta var ólaunað sjálfboðastarf.

Grunnskólarnir lögðu til húsnaðið og stóðu jafnframt undir kostnaði við ljósritun. Þá nutum við margvíslegrar aðstoðar og leiðsagnar skólastjóra beggja skólanna. Á Ísafirði var einnig mikilvægur stuðningur þess kennara sem kennir íslensku sem annað mál. Félag Pólverja á Vestfjörðum stóð með okkur að þessu verkefni frá upphafi og veitti okkur aðstoð og leiðsögn eftir þörfum. – Bæði praktískur og móralskur stuðningur af þessu tagi var okkur afar mikilvægur.

### 8. Mat á verkefni: Telurðu að verkefnið hafi náð tilætluðum árangri? Hvernig var verkefnið/rannsóknin metið?

Þegar nú er horft yfir hvernig til hafi tekist, virðist okkur að verkefnið hafi gengið býsna vel. Ástæðurnar eru nokkrar:

- Farsæl lausn varðandi hvernig hægt væri að afmarka verkefnið í samræmi við fjárráð.
- Samstarf við alla samstarfsaðila var með ágætum.
- Vel tókst til með að ráða fólk í kennsluna, við fengum afar hæft fólk með mikinn áhuga á viðfangsefninu.
- Foreldrar sýndu heilshugar stuðning við nám barnanna.
- Nemendur sýndu náminu áhuga og tóku miklum framförum.

Þótt okkur þætti eðlilegt að móðurmálskennsla sé hluti af almennu námi og þess vegna inni í skólatíma, var að vissu leyti áhugavert að prufukeyra ólíkt fyrirkomulag. Það hve mæting var góð á Ísafirði þrátt fyrir að kennslan hafi farið fram á laugardögum í frítíma nemenda, sýnist okkur skýr vísbending um áhuga nemendanna og hversu mjög foreldrarnir mátu að þessi kennsla var í boði – sem einnig kom svo ótvírætt fram í spurningakönnun í lok námsins.

Þetta segir okkur líka að þótt aðstæður kunni á stundum að hamla því að móðurmálskennslu sé komið fyrir inni í almennu skólastarfi, sé það engu að síður brýnt að leita jafnvel óhefðbundinna úrræða til þess að börn þurfi ekki að fara á mis við kennslu í móðurmáli sínu.

Áhugi og skýr sýn skólastjórans á Suðureyri á gildi móðurmálskennslu hefur verið okkur mikil hvatning. Áður en skólanum var slitið hafði hann þegar tryggt öllum börnum í skólanum móðurmálskennslu næsta vetur, að hluta til með stuðningi fyrirtækis í bænum. Ef eitthvert samhengi er milli þess og verkefnis Róta er það dýrmætur árangur.

Varðandi þann þátt sem snýr að þroska og sjálfstrausti, þá verður slíkt ekki auðveldlega metið. Við sem stýrðum þessu verkefni getum þó sagt að í janúar hittum við nemendur sem voru feimnir og hikandi. Í maí voru þessir sömu krakkar, glaðir, stoltir og þakklátir.



**9. Kynning á verkefni:** Hvernig hefur verið staðið að kynningu verkefnisins/ rannsóknarinnar?

Fréttatilkynningar hafa verið sendar fjölmiðlum á Vestfjörðum. Grein birtist á bb.is í janúar en útvarpið sýndi þessu ekki áhuga. Ýtarlegri fréttir verða sendar nú þegar verkefninu er lokið og er óskandi að miðlarnir sjái ástæðu til að sinna þeim. Verið er að skrifa skólayfirvöldum Ísafjarðarbæjar þar sem verkefnið er kynnt og hvatt til að allra leiða verði leitað til að sinna þessum undirstöðuþætti sem varðar menntun barna í sveitarfélaginu.

**10. Fjárhagsuppgjör verkefnisins** (Til dæmis laun, rekstrar- og skrifstofukostnaður, ferðakostnaður, útgáfa, prentun o.s.frv.)

<b>Kostnaðarliður*</b>	<b>Upphæð</b>
Laun leiðbeinenda (í verktöku, efri fl. leiðb. í stundak.)	1.051.195
Akstur vegna kennslu á Suðureyri	234.784
Kennslubækur	139.205
Auglýst eftir kennurum	33.623
Akstur - tvær ferðir verkefnastjóra til Suðureyrar	10.672
Þakkir - blómvöndur	4.150
<b>Samtals heildarkostnaður við verkefni</b>	<b>1.473.629</b>
Styrkur Velferðarráðuneytisins	1.100.000
<b>Mótframlag Róta**</b> 25,4%	<b>373.629</b>

\* Frumrit eða ljósrit af kvittunum fylgi með.

\*\* Mótframlag þarf að vera a.m.k. 25% af heildarkostnaði verkefnis.

**11. Skrá yfir fylgiskjöl ef við á**

Skýrsla um námsmat á Ísafirði
Reikningar

Lokaskýrsla þessi er fyllt út í samræmi við reglur sjóðsins um úthlutun styrkja, en þær er að finna á heimasíðu Velferðarráðuneytisins.

Ísafirði 14. júní 2016

Ingibjörg Daníelsdóttir og Ólöf Bergmannsdóttir verkefnastjórar

Helgi Ólafsson formaður Róta  
ábyrgðarmaður umsóknar